

Þvaglekamóttaka á 11A

Hjúkrunarfræðingur veitir fræðslu, ráðgjöf og meðferð við þvagvandamálum.

Undirbúningur

- Fylla þarf út meðfylgjandi spurningalista og vökva- og þvaglátaskrá og senda listana á göngudeild þvagfæra 11A í pósti eða rafrænt.
- Skrá þarf vökvainntekt og þvagmagn í two sólarhringa. Valinn er einn dagur í hvíld og annar í virkni og mikilvægt er að skráningin fari fram allan sólarhringinn þessa two daga. Þvagmagnið er mælt í mælikönnu og er nákvæm skráning mikilvæg svo unnt sé að greina vandamálið.
- Þegar gögnin hafa borist deildinni verður haft samband símleiðis og tími gefinn hjá hjúkrunarfræðingi á göngudeild þvagfæra 11A.

Rannsókn

Mæta til hjúkrunarfræðings á göngudeild þvagfæra á 11A á 1.hæð Landspítala við Hringbraut þann _____ kl. _____.

- Við komu á deildina þarf að vera **mál að pissa** til að hægt sé að rannsaka þvagflæði og meta blöðrutæmingu.
- Ef grunur er um þvagfærasýkingu er ekki hægt að gera rannsóknina né heldur meðan á blæðingum stendur.
- Rannsóknin tekur um klukkustund.

Kostnaður

Greiða þarf komugjald. Ef gerðar eru frekari rannsóknir getur bæst við kostnaður vegna þeirra. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsíð getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um mállefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þíð kunnist að verða vitni að eða heyrta um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heiðbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.